Barist gegn afturhaldi og tregðu

Grúppan SÚM var stofnuð inni í stofu á Flókagötu 41, kl. 11.35, 28. 6. 1965. Stofnendur voru Jón Gunnar Árnason og Sigurjón Jóhannsson en aðrir tveir, Haukur Dór og Hreinn Friðfinnsson voru ekki viðstaddir en eru meðlimir félagsins.“ Þarna er Jón Gunnar ljóslifandi mættur; hann skrifar tilvitnuð orð í stílabók handa framtíðinni. Bætir hann og þessu við: „SÚM hélt eina sýningu í Ásmundarsal, Reykjavík, 12.-24. júní '65. Þar voru myndir o.s.frv. o.s.frv. (ég má ekki vera að því að skrifa söguna en bið þig að botna og . . .“ Hér vantaði framhald í fyrstu fundagerðabók SÚM. Fram til þessa dags hefur sagan enn ekki verið botnuð, er þó næstum liðinn aldarfjórðungur frá upphafi sýningarinnar í Ásmundarsal, sem eftir daga sína hlaut nafnið SÚM I.

Sýningin í Ásmundarsal var stefnumótandi viðburður í íslenzkri myndlistarsögu. Þar var komið á framfæri hræringum þáverandi samtíðar og umheims — kínetískri list, nýraunsæi, öðru nafni popart; var þetta eins og að brjóta rúður í glerhúsi abstraktlistar á Íslandi. Strákarnir höfðu pata af hlutum í Bretlandi; það voru að auki afdrifarík kynni af Dieter Roth, sem kom á mörgum mikilvægum samböndum.

Það má segja, að Dieter Roth hafi sett sitt fingrafar á íslenzka menningarsögu. Hann var á sínum tíma fjölskyldumaður í Reykjavík, oft á tíðum blankur og myndskreytti m.a. smásögur fyrir Lesbók Morgunblaðsins. Til voru þeir truntuofvitar er litu á hann sem argasta niðurrifsmann — er þó sagan kannski núna búin að sýna fram á annað. Venjulegu fólki var samt ekki láandi árið 1965 þegar það lét fram af sér ganga tónleika á vegum Musica Nova, þar sem Nam June Paik og Charlotte Moorman fluttu allsérstæða efnisskrá ásamt róbotti; Paik leysti niðrum sig og sýndi beran bossann, og svo framvegis. Klukkan var farin að slá öðru vísi í listinni á þessum tíma, alls staðar annars staðar en á Íslandi, þar sem abstraktmenn höfðu myndað sér óeðlilega öflugt virki, í skjóli einangrunarinnar. Og birtist þá ekki Dieter eins og skratti úr sauðarlegg. Paik sagði undirrituðum, að það hefði einmitt verið fyrir milligöngu Dieters Roth, að þau Charlotte Moorman komu til Íslands, þar sem þau fengu einhverja hina almestu blaðapressu á ferlinum. Það var 21 ár liðið frá Lindarbæjaruppákomunni er fundum okkar bar saman í veitingavagni lestar á leið til Hamborgar; minntist þá Paik Íslands með kóreanskri hlýju og spurði margra spurninga, um sauðfjárhald á Íslandi — og hundahald í Reykjavík, og hvort búið væri að ráða niðurlögum sullsins. Í dag er Nam June Paik virtur prófessor við listaakademíuna í Düsseldorf; hann er nefndur sem faðir videólistgreinarinnar.


Gallerí SÚM 1969

En leyfum nú árunum í sögu SÚM að líða hratt á prenti; það er engin ástæða til að fara oní alla sauma í blaðagrein:

Það var verið á fósturstiginu allt fram til þess að gallerí SÚM tók til starfa, 15. febrúar 1969. Það var sem sagt millitíð þar sem félögum fjölgaði smátt og smátt, hvar menn og meðlimir voru alltaf að koma saman til funda og samþykkja . . . „að vinna á móti afturhaldssemi og stöðnun í myndlist á Íslandi og víðar — styrkja með ráðum og dáðum alla myndlistarlega viðleitni, sem kann að koma fram meðal ungra manna og kvenna.“ Á fundi vildi einn meðlimur láta keramíkverkstæði heyra undir SÚM; stakk þá annar upp á hænsnabúi. Á öðrum fundi var Kristján Guðmundsson settur yfir flugritanefnd, sem stofnuð var vegna sýningar Rósku í Casa Nova Menntaskólans í Reykjavík, '67 var árið, en sú nefnd var lögð niður eftir mánuð án þess að hafa komið nokkru í verk. Skráð var það eftir Þórði Ben, „að slök starfsemi SÚM væri rammi utan um ekki neitt.“ Það rann ómælt vökvamagn meðan verið var að ræða fram og til baka um afstöðuna til FÍM — og einnig fór fram leit að hentugu húsnæði fyrir gallerírekstur.

FÍK — Félag íslenzkra myndlistarmanna — var í augum SÚM argasta afturhald. Naut þetta félag viðurkenningar hins opinbera, og hafði tögl og hagldir í safnráði Listasafns Íslands. Þetta var a.m.k. sjónarmið sem súmmarar aðhylltust og rennir undir það stoðum sú sorglega staðreynd, hversu fátæklega Listasafn Íslands er búið af verkum súmtímabilsins. Þegar súmmarar sóttu um inngöngu í FÍM, var það ávallt fellt að samþykkja þá; abstraktmenn í klíkuformi óttuðust að innlimun SÚM hefi í för með sér röskun á valdahlutföllum.


Loksins kom þar, að húsnæði fannst og útbúinn var sýningarsalur á Vatnsstíg 3B. Gallerí SÚM tók til starfa um miðjan febrúar '69 með því að Sigurður Guðmundsson opnaði þar sína fyrstu einkasýningu. Rak síðan hver sýningin aðra, næst var SÚM II, þar sem Dieter Roth átti súkkulaðiverk og flautu sem nú er kölluð lyktarorgel — nú, og svo var þetta sýningin þar sem Sigurður kom fram með heysátuna. Þá voru þessir líka með einkasýningu á fyrsta starfsári gallerísins: Tryggvi Ólafsson, Jón Gunnar, Kristján Guðmundsson og Magnús Tómasson. Vorið kórónaði Þórður Ben með happeningnum „Gúmmífrelsi.“ Tvö nöfn í viðbót þurfa nú að komast á blað; Arnar Herbertsson og Magnús Pálsson tilheyra myndinni — sá síðarnefndi baðst þó undan því að gerast meðlimur SÚM. Síðar, þegar Neil Armstrong var búinn að stíga fæti sínum fyrstur manna á tunglið, var opnuð sýningin SÚM III, alþjóðleg samsýning, hverri fylgdi lítill brúnn katalógur. Það var Dieter sem flutti obbann af verkum erlendu lista-



Jón Gunnar Árnason ásamt verki sínu, „Leik fyrir tvo stjórnmálamenn“, 1973.

Sá kafli í íslenzkri myndlistarsögu, sem nefndur er SÚM-tímabilið, hófst 1965 og lauk 10 árum seinna. Hörðum fylgismönnum abstraktlistarinnar þótti SÚM lítt hafa fram að færa sem til framfara horfði og var litið á hópinn lengi vel sem utangarðshreyfingu, sem ekki var viðurkennd í Listasafni Íslands. Nú heyrir þetta sögunni til; sumir súmmarar fyrir löngu orðnir frægir menn úti í Hollandi. En tilefni þessa yfirlits er SÚM-sýning, sem Kjarvalsstaðir standa að og verður opnuð í dag.

Eftir EINAR GUÐMUNDSSON



Greinarhöfundurinn, Einar Guðmundsson, á sýningu Jóns Gunnars Árnasonar í Gallerí SÚM 1971.